

## Atvinnuvegaráðuneytið

### Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra

Skagafirði 26. febrúar 2025

#### Efni: Byggðakvóti í Skagafirði 2024-2025-kvörtun

Nú liggur fyrir sú tillaga sveitarstjórnar Skagafjarðar til atvinnuvegaráðuneytisins að úthluta byggðakvóta þessa fiskveiðiárs þannig að af 130 ÞÍG tonnum Sauðárkróks munu 72 ÞÍG tonn koma í hlut FISK Seafood ehf. Samkvæmt því geta allt að 58 ÞÍG tonn komið í hlut smábáta-útgerða á Sauðárkróki. Þá gerir sveitarstjórnin nú kröfu um að mótframlag byggðakvótans verði unnið í heimabyggð, þ.e. hjá FISK Seafood ehf. Þetta þýðir að smábátaflotinn þarf að landa 116 ÞÍG tonnum til vinnslu þar. Þetta er mikil breyting frá fyrri árum þar sem sveitarstjórn hefur aðeins gert kröfu um löndun á staðnum á þessu mótframlagi og því hefur slíku mótframlagi verið hingað til landað til sölu á fiskmarkaði.

Í 10. gr. laga um stjórn fiskveiða segir um almennan byggðakvóta:

*Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna. (undirstrikun okkar).*

Flest ár frá því að byggðakvóta var fyrst úthlutað í Skagafirði og til ársins 2023 lagði sveitarstjórn Skagafjarðar til á grundvelli þessarar heimildar ráðherra að eftirfarandi frávik gildu frá almennum úthlutunarreglum um úthlutun byggðakvóta á Sauðárkróki og Hofsósi. Þannig voru tillögur sveitarstjórnar fyrir fiskveiðiárið 2022-23 eftirfarandi:

1. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður:

„Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2022.“

2. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 14\* þorskígildistonn á skip." (\*Þessi tala hefur breyst á milli ára síðustu 12-15 árin og verið 5, 7.5 eða 14)

3. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem er landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. "

4. Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu. Til vara að bátar undir 50 brúttótonnum fái undanþágu frá löndun til vinnslu.

5. Ákvæði 1. máls. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins.

Fram til ársins 2023 gerði FISK Seafood ehf. enga athugasemd við þessar tillögur sveitarstjórnar. Þá samþykkti ráðuneytið án athugasemdar þessar tillögur ár hvert og var því mótframlagsafli smábáta seldur á fiskmarkaði. Allt þar til í janúar 2024 að FISK Seafood ehf. taldi að svona mætti ekki lengur fara að. Upphófst þá, eins og ráðuneytinu er kunnugt um, nærri átta mánaða strögl og mikil bréfaskipti sem endaði þannig að FISK Seafood ehf. fékk rúman helming byggðakvótans 2023-2024 í sinn hlut (3x24 ÞÍG tonn).

Að sjálfsgöðu hafa smábátasjómenn við Skagafjörð ekkert á móti því að allur mótframlagsafli þeirra sé unninn á Sauðárkróki enda fáist fullt verð fyrir aflann. En miðað við þær forsendur að FISK Seafood ehf. greiði sk. "verðlagsstofuverð" (sem það greiðir fyrir afla eigin skipa) fyrir mótframlagið er ljóst að lítill sem enginn ávinningur getur orðið fyrir smábátana að veiða og landa mótframlaginu til vinnslu hjá fyrirtækinu til að fá úthlutað byggðakvóta. Þá liggur fyrir að FISK Seafood ehf. lokar fiskvinnslu sinni allan júlí og fram um 20. ágúst ár hvert, þannig að á þeim tíma getur hvorki orðið þar um móttöku eða vinnslu á fiski að ræða. Engar líkur eru því á að smábátum á strandveiðum tækist að landa öllu mótframlaginu til vinnslu hjá fyrirtækinu, þótt vilji til þess væri fyrir hendi.

FISK Seafood ehf. er eina bolfiskvinnslufyrirtækið í Skagafirði og raunar á öllu Norðurlandi vestra, allt frá Hvammstanga í vestri til Ólafsfjarðar (Fjallabyggð) í austri. Augljóslega verður því ekki hægt að vinna neinn afla í heimabyggð á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Hofsósi, Siglufirði og Ólafsfirði en allir þessir staðir hafa fengið tilkynningu um úthlutun byggðakvóta þessa árs. Spurning er því hvort hér sé gætt jafnræðis á milli staða.

Rétt er að benda á að FISK Seafood ehf er eitt stærsta útgerðar- og fiskvinnslufyrirtaki landsins með um 22.000 ÞÍG tónna aflaheimildir og rekstrartekjur upp á um 12,5 milljarða kr. árið 2023.

Þetta leiðir hugann að stöðu FISK Seafood ehf. á markaði, Í ljósi þess að hér er um að ræða eina fyrirtækið á Norðurlandi vestra sem tekur á móti bolfiski til vinnslu, má ætla að það sé markaðsráðandi. Hvað snertir eðlilega viðskiptahætti og samkeppnisstöðu með markaðsvöru eins og fisk er rétt að skoða hvað samkeppnislög segja um markaðsráðandi stöðu fyrirtækja. Í samkeppnislögum nr. 44/2005 segir í 11. gr.

- *Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.*
- *Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:*
  - a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,*
  - b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,*
  - c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,*
  - d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.*

Með vísan til tillagna sem sveitarstjórn Skagafjarðar hefur lagt til við ráðuneytið síðustu 15 árin eða svo og fengið samþykktar, er ljóst að krafa FISK Seafood ehf nú um að krefjast meira en helming byggðakvótans (eins og gerðist líka á síðasta ári) í sinn hlut og að fá mótframlagsafla byggðakvóta smábáta í Skagafirði til vinnslu á mun lægra verði en markaðurinn segir til um, fellur að áliti Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar undir markaðsmisnotkun.

Þá má færa sterk rök fyrir því eftir reynslu fyrra árs að FISK Seafood ehf sé að þrýsta með óeðli- legum hætti á sveitarstjórn Skagafjarðar í þessu máli. Skorar Drangey-smábátafélag Skagafjarðar á atvinnuvegaráðuneytið að skoða þetta mál og eftir atvikum leita álits Samkeppnisstofnunar á þeirri stöðu sem nú er uppi í Skagafirði.

Loks er rétt að vekja athygli á að flest bendir til að það komi sveitarfélaginu fjárhagslega mun betur að afla smábáta sé landað á markaðsverði en verðlagsstofuverði. Á sl. sumri munaði um 35% á þessum verðum eða ca. 150 kr. pr. kg. af ÞÍG kg. miðað við óslægðan þorsk. Aflagjöld, viktunar- og skráningargjöld hafnarinnar sem miðaðst við verðmæti landaðs afla og fjölda landana eru mun hærri hjá smábátum en togurum miðað við sama aflamagn.

Virðingarfyllt,

f.h. Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar

Magnús Jónsson formaður